



Skilmálar ADHD uppvinnsla/greininga

1. Skilgreiningar

Fyrirtækið er Per mentis slf., kt 660813-0550.

Starfsmaður er starfsmaður fyrirtækisins.

Skjólstæðingur er einstaklingur sem lýst hefur áhuga á þjónustu fyrirtækisins, hefur óskað eftir henni eða nýtt hana að einhverju leyti.

ADHD uppvinnsla, þjónustan, ferlið, ADHD greining og samsetningar af þessu, t.d. ADHD uppvinnsla/greining, þýðir ferli þar sem skoðað er hvort tiltekinn einstaklingur hafi ADHD. Hugtakið á við allt ferlið, hverju nafni sem það nefnist, en er einkum notað yfir ferlið frá skimun til skila niðurstaðna.

Skimun, ADHD skimun og tengd hugtök eiga við fyrsta hluta ADHD uppvinnslu/greiningar, þar sem snögglega er farið yfir einkenni, bakgrunn og önnur atriði hjá og í kringum skjólstæðing til þess að sjá hvort rétt sé að bjóða frekari skoðun.

Tími þýðir bókaðan tíma fyrir einhverskonar þjónustu fyrirtækisins við skjólstæðing, oftast fyrir komu skjólstæðingsins til starfsmanns.

Að missa af tíma þýðir að skjólstæðingur mæti ekki í, eða geri ekki það sem nauðsynlegt er að hann geri, til þess að tími nýtist sem skyldi, nema tíminn hafi verið afbókaður á þann hátt sem fyrirtækið tiltekur með minnst 24 klst fyrirvara. Dæmi um þetta gætu verið að mæta ekki í bókaðan tíma, mæta seint í hann, að aðrir sem áttu að mæta með mæti seint eða ekki, eða að upplýsingar vanti.

Allar skilgreiningar gilda jafnt í öllum fallbeygingum, fleirtölu og eintölu, með eða án greinis.

2. Gildissvið

Skilmálar þessir gilda um framkvæmd ADHD uppvinnsla og greininga hjá Per mentis. Þeim er ætlað að vera til uppfyllingar og nánari skýringar á öðrum skilmálum, hveru nafni sem þeir nefnast, munnlegir eða skriflegir. Ef skilmálar þessir stangast á við annað, til dæmis aðra skilmála, ummæli, loforð, útskýringar eða nokkuð annað, ganga ákvæði þessara skilmála ofar öllu öðru.

3. Skráningar

Skráning í þjónustuna fer fram með þeim hætti sem fyrirtækið fer fram á á hverjum tíma og telst fyrst gerð þegar skráning hefur verið gerð að fullu, þ.e. allar upplýsingar skráðar og sendar með þeim hætti sem fyrirtækið



Per mentis

tiltekur. Fyrirtækið getur farið fram á greiðslu fyrir þjónustuna að hluta til eða heild við eða í sambandi við skráningu og telst skráning þá ekki gild fyrir en sú greiðsla hefur farið fram.

Fyrirtækið getur farið fram á að skilað sé inn upplýsingum, t.d. gögnum, spurningalistar fylltir út eða annað af því tagi í sambandi við eða í framhaldi af skráningu. Í slíkum tilfellum telst skráning ekki gild fyrir en umbeðnum fullnægjandi upplýsingum hefur verið komið til fyrirtækisins á þann hátt sem fyrirtækið tiltekur við skráningu.

4. Tímamörk skjólstæðings

- a. Ef skjólstæðingur skráir sig í þjónustuna en skilar ekki inn umbeðnum fullnægjandi upplýsingum og/eða gengur ekki frá greiðslu innan þriggja (3) mánaða frá skráningu fellur skráningin niður.
- b. Ef skjólstæðingi er boðið að halda áfram með ferlið eftir skimun hefur hann 6 mánuði til þess að þiggja boðið. Eftir það fellur boðið niður og framkvæma þarf skimun að nýju til þess að fara lengra með ferlið.
- c. Ef skjólstæðingur missir af tíma í ferlinu er innheimt gjald fyrir þann tíma sem gefinn er í staðinn fyrir þann sem skjólstæðingurinn missti af. Gjaldið fer eftir gjaldskrá fyrirtækisins á hverjum tíma. Ef skjólstæðingur missir af þremur tímum í ferlinu fyrirgerir hann rétti sínum til þess að halda áfram með ferlið. Hið sama gildir er skjólstæðingur hafnar þremur tímum sem honum eru boðnir, í röð.

5. Nánari skoðun

- a. Einstaka sinnum getur svo borið við að framkvæma þurfi nánari rannsóknir, umfram þær venjulegu, til þess að unnt sé að fullvinna uppvinnslu/greiningu á ADHD. Til dæmis getur um verið að ræða greindarpróf eða aðrar sérhæfðari rannsóknir eða viðtöl. Sú þjónusta eru allra fjær ekki innifaldar í pakkaverðum. Skjólstæðingar eru ætíð upplýstir um þetta áður en slík þjónusta er veitt.

6. Endurgreiðslur

Ef skjólstæðingur hættir við skráningu og kemur um það upplýsingum til fyrirtækisins innan 14 daga frá skráningu eða áður en vinnsla hefst á innsendum upplýsingum hans endurgreiðir fyrirtækið það sem hann hefur greitt fyrir þjónustuna, að frádregnum kostnaði fyrirtækisins. Hið sama gildir um hlutagreiðslur, eftir því sem við á. Að öðru leyti eru engar endurgreiðslur í boði.

7. Endurskoðanir

Endurskoðanir á niðurstöðum greiningarferlis, hvar í ferlinu sem niðurstæða



Per mentis

kom, til dæmis (en ekki takmarkað við) eftir skimun, eftir sálfræðihluta eða eftir læknishluta, eru almennt ekki gerðar. Starfsmenn geta þó samþykkt að endurskoða niðurstöðu t.d. með endurskoðun fyrri gagna, með því að framkvæma ferlið að hluta til eða öllu leyti upp á nýtt, eða með öðrum leiðum. Ef skjólstæðingur sem áður hefur hafið og/eða lokið ferlinu skráir sig í það að nýju er Per mentis rétt að hafna skráningunni.

8. **Önnur ákvæði**

Um þjónustuna gilda eftir atvikum aðrir skilmálar, reglur og venjur fyrirtækisins eftir því sem við á.

9. **Breytingar**

Fyrirtækið áskilur sér rétt til þess að breyta skilmálum þessum einhliða hvenær sem er og án sérstakrar tilkynningar. Þó skulu þeir skilmálar gilda um hafin ferli sem giltu þegar greitt var fyrir yfirstandandi þjónustu eða hluta þjónustu.